


Nr.: VKL-401	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 7.0		
Dags: 05.09.2018		
Eig: Gæðastjóri	<h2>1. Rýni stjórnenda</h2>	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 2		

1 Tilgangur

Þessi verklagsregla lýsir rýni stjórnenda á virkni gæðastjórnunarkerfisins, til að tryggja að það henti áfram, sé nægjanlegt, markvirk og það sé samstillt við strategísk áform skólans.

2 Gildissvæði (umfang)

Þetta vinnuferli gildir fyrir alla þá starfsemi skólans sem gæðastjórnunarkerfið nær yfir.

3 Hugtök

Skilgreiningar á hugtökum má finna í [INN-004](#).

4 Ábyrgð

Skólameistari í samvinnu við **stjórnendur skólans** ber ábyrgð á og hefur frumkvæðið í vinnunni með rýni stjórnenda, að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans og að unnið sé eftir þessu ferli og þeim ferlum sem vísað er í. Rýni stjórnenda fer fram á fundi rekstrarráðsog fer öll gæðavinna eftir sömu ferlum og önnur verkefni sem koma frá fundum ráðsins. Það er því ábyrgð **einstakra stjórnenda** að vinna eftir þessum reglum og fylgja sínum málum eftir. Á þennan hátt tvinnast gæðamál og önnur dagleg rekstrarmál saman í heildarrekstur.

5 Framkvæmd

5.1 Forsendur


Rýni stjórnenda er sérstakur rekstrarráðsfundur sem er boðaður er á fyrsta ársfjórðungi hver árs.

5.2 Skýrsla

Til að undirbúa rýni stjórnenda tekur gæðastjóri saman skýrslu um:

- Stöðu aðgerða vegna fyrri rýni stjórnenda
- Breytingar á innri og ytri málefnum sem varða gæðastjórnunarkerfið
- Upplýsingar um frammistöðu og markvirkni gæðastjórnunarkerfisins, þ.m.t.:
 - Ánægju viðskiptavina og endurgjöf frá viðeigandi hagsmunaaðilum
 - Að hvaða marki gæðamarkmiðum hafi verið náð
 - Frammistöðu ferla og samræmi við vöru og þjónustu
 - Frábrigði og úrbætur
 - Niðurstöður vöktunar og mælinga
 - Niðurstöður úttekta
 - Frammistöðu ytri veitenda
- Hvort auðlindir sé nægjanlegar
- Markvirkni aðgerða sem gripið var til í því skyni að takast á við áhættu og tækifæri
- Stefna skólans – staða
- Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið
- Tækifæri til umbóta
- Útskrift áfanga (með tilvísun á viðeigandi gögn nefnd í [VKL-106](#))
- Útskrift námskeiða (með tilvísun á viðeigandi gögn nefnd í [VKL-304](#))

Skýrslan verður vinnuþagg fyrir rýni stjórnenda.

Nr.: VKL-401	Tækniskólinn	
Útgáfa: 7.0		
Dags: 05.09.2018		
Eig: Gæðastjóri	1. Rýni stjórnenda	
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 2		

5.3 Fundarboðun

Gæðastjóri (í samráði við skólameistara) boðar til fundar um rýni stjórnenda og setur ofanefnda skýrslu á dagskrá.

5.4 Ákvörðun aðgerða

Rekstrarráðið fer yfir skýrsluna og fylgir sömu vinnureglum sem gilda fyrir venjulegan fund. Nauðsynlegar aðgerðir og verkefni eru ákvarðaðar og settar á verkefnislista einstakra stjórnenda og unnar samkvæmt verklagi ráðsins.

5.5 Fundargerð

Gæðastjóri skráir niðurstöður rýni stjórnenda á þar til gert eyðublaði [EBL-006 Rýni stjórnenda \(niðurstöður\)](#) og vistar í skjalakerfi undir Rýni stjórnenda.

5.6 Eftirvinna

Gæðastjóri gengur frá niðurstöðum rýni stjórnenda og vistar í viðeigandi möppu hjá gæðastjóra og í skjalakerfi undir Rýni stjórnenda.

6 Tilvísanir í skjöl

EBL-006 Rýni stjórnenda (niðurstöður)

7 Viðeigandi skrár

Skrár á pappírformi
Rýni stjórnenda – Mappa hjá Gæðastjóra

Skrár á tölvutæku formi
Skjalakerfi skólans.